

15. fundur stjórnar Þjóðkirkjunnar

15. fundur stjórnar Þjóðkirkjunnar var haldinn þann 20. maí 2025 í Skálholti.

Mætt voru stjórnarmennirnir Rúnar Vilhjálmsson, formaður, Arna Grétarsdóttir, Einar Már Sigurðarson og Þuríður Björg Wium Árnadóttir. Árni Helgason var forfallaður. Þá sátu fundinn sr. Guðrún Karls Helgudóttir, biskup Íslands, Birgir Gunnarsson, framkvæmdastjóri, Drífa Hjartardóttir forseti Kirkjubings og Eiríkur Guðlaugsson, lögmaður, sem ritaði fundargerð.

Fundur hófst kl. 9:30 með stjórn Skálholtsstaðar, starfsmönnum staðarins, Verndarsjóði og Skálholtsfélagi hinu nýja þar sem kynnt var ársskýrsla Skálholtsstaðar fyrir árið 2024 og það sem er á döfinni á staðnum.

Lauk þeim fundi kl. 11:00 og hófst þá fundur stjórnar Þjóðkirkjunnar.

1. Formaður setti fund

2. Yfirlit framkvæmdastjóra

a. Rekstraryfirlit

- i. BG gerði grein fyrir rekstraryfirliti fyrstu fjögurra mánaða ársins 2025.

b. Fasteignatengd mál

- i. BG upplýsti að búið væri að selja íbúðarhúsið á Holti í Öfundarfirði og Kópnesbraut á Hólmavík
- ii. BG upplýsti um helstu framkvæmdir sem væru í gangi eða fyrirhugaðar en þær eru í Skálholti, Reykholti og á Reynivöllum.

c. Fjárhagsáætlun 2026

- i. BG gerði grein fyrir tímalínunni við vinnslu fjárhagsáætlunar vegna ársins 2026.
- ii. BG falið að finna lausn á skoðunaraðgangi stjórnar í PowerBI.

d. Innri endurskoðun

- i. BG gerði grein fyrir samtali sínu við KPMG vegna innri endurskoðunar. KPMG hefur verið falið að koma með tillögu að nálgun og kostnaði og verður hún kynnt á næsta fundi.

3. Önnur mál

- a. Rætt var um rekstur og skipulag í Skálholti.

Næsti fundur var ákveðinn 18. júní 2025 kl. 9:00. Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða. Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 12:00.